

Só guð góður og láti sér jafnt ant um nútíðina og allir trúa að hann hafi látið sér ant um hina liðnu tíð, þá lætur hann sig ekki án vitnisburðar nú. Hann hlýtur að tala til þessa tíma á skiljanlegu mál. Hvort sem trú vor leyfir oss öllum að játa það eða ekki, þá er það nú samt vor hjartans sannfæring allra er til sannfæringar kemur.

En eins og vér höfum séð er högum vorum öðruvísi háttað nú, en var fyrir 3000 árum, og það sem þá var skiljanlegt, og að eins skiljanlegt öllum fjöldanum fyrir hvað það tapti á sannleikanum, er oss sem nú lifum sama og ekkert mál. Fyrir oss sem nú lifum, ber það ekki vott um nokkurn hlut nema löngu liðna æfi mannanna, nema barnalega smíð þeirra, er voru á barnsaldrinum í öllum andlegum skilningi.

Mál það sem vér skiljum og sem til vor talar er það, sem berst frá þessum tímum frá ytri og innri högum manna nú. Hin mörgu listaverk, hin miklu umskifti, sem alltaf eru að verða á mannheiminum, er létta undir með erfíði og þunga og þraut lífsframfærslunnar, sem eru að smá gjöra það ósatt, sem í fyrndinni var álitid guðs lagaboð, og satt að maðurinn skuli jörðina erja, en hún skuli honum bölvu.

Heimur, sem er í þann veginn að komast undir umráð manna, sem er farin að taka þátt í kjörum þeirra, farin að lýsa þeim um natúr, flytja þá stað af stað, opna fjársjóði sína fyrir þeim, er hann hefir geymt og grafið fyrir millíónum ára síðan, er sá heimur, sem vér þekkjum og lifum í,—og svo maðurinn sjálfur með öll sín ótal breytilegheit, ýmist bryggur eða glaður, vesall eða voldugur í hinum andlega heimi, með þrá og lífslöngun og ást og ótta í hjarta, með heilsan eða kveðju eða eggjunarorð eða andvörp, söng eða hálfkveðið stef á vör, er maðurinn eins og hann er nú, er það mál, það alheims mál, sem hann talar. Og á þessu máli verður guð til vor að tala, ef vér eigum að skilja, ef hann elskar oss.—Og vér erum þess fullvissir, að þannig talar hann til vor. Og einmitt það sem vér þráum og það sem vér elskum, og það sem leiðir oss á hærri sjónarhæðir í þeirri mynd, sem það birtist í vorum eigin huga, talar hann, ekki í gegnum ósýnileg orð eða